

Alþingi  
Erindi nr. Þ 126 / 1893  
komudagur 23.04.2001

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICTR

  
NEYTENDASAMTÖKIN

SÍÐUMÚLA 13,  
108 REYKJAVÍK,  
SÍMI 545 1200,  
TELEFAX 545 1212,  
ns@ns.is  
PÓSTHÓLF 8160,  
128 REYKJAVÍK.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
150 Reykjavík

Reykjavík 20. apríl 2001

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu.**

Neytendasamtökin hafa fjallað um ofangreint frumvarp og gera eftirfarandi afhugasemdir:


Neytendasamtökin vekja athygli á því ósamræmi sem er milli fyrsta og annars málsliðar 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Samkvæmt fyrsta málsliðnum er óheimilt að semja um fastan hundraðshluta vanefndaálags ofan á grunn dráttarvaxta þegar um neytendalán er að ræða, en hins vegar má skilja annan málsliðinn sem svo að í neytendalánnum sé heimilt að semja um fastan hundraðshluta dráttarvaxta. Tilgangurinn með fyrri málslið málsgreinarinnar hlýtur að vera að vernda neytendur vegna lakrar samningsstöðu þeirra og setja eitthvert þak á hve háir dráttarvextirnir geta orðið. Ef öðrum málsliðnum verður ekki breytt er þessi vernd lítils virði þar sem ávallt væri unnt að fara þá leið í neytendalánnum að semja um fastan hundraðshluta dráttarvaxta og geta dráttarvextirnir þá orðið mun hærrí en þeir sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Neytendasamtökin leggja því til að óheimilt verði að semja um fastan hundraðshluta dráttarvaxta í neytendalánnum

Í 6. kafla frumvarpsins er fjallað um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

Neytendasamtökin hafa ítrekað lýst sig andvíg verðtryggingu á fjárskuldbindingum og telja raunar undarlegt að verðtrygging sé leyfð á slíkum skuldbindingum, á meðan bannað er að verðtryggja ýmsar aðrar mikilvægar fjárskuldingar eins og laun. Eðlilegt er að vextir tryggi eðlilegar tekjur og gjöld vegna fjárskuldbindinga, eins og raunar er í öllum löndum, að minnsta kosti í okkar heimshluta. Ekki verður séð hvað skapar Íslandi þá sérstöðu að nota þurfi slíkar reglur hér en ekki í öðrum löndum. Taka má mörg dæmi um hversu fráleitt þetta er. Til að mynda eiga margir neytendur erfitt með að skilja að ef uppskerubrestur verður á kaffi í Brasilíu, þá hækki skuldir heimilanna á Íslandi. Einnig má nefna að með "samsæri sínu gegn neytendum" hafa heildsöluaðilar á grænmeti ekki aðeins okrað á neytendum, heldur hafa þeir samtímis hækkað skuldir heimilanna vegna verðtryggingarinnar. Minnt er á að fram hefur komið að 1% hækkun á framfærsluvísitölu þýði að skuldir heimilanna hækki um fimm milljarða. Neytendasamtökin minna í lokin á að með því að nota umsamda vexti getur lántakandi einnig gert betri áætlun um endurgreiðslu þeirra fjármuna sem hann tekur að láni.

Virðingarfyllt

f.h. Neytendasamtakanna

  
Johannes Gunnarsson formaður